

Ár 2019, þriðjudaginn 3. september 2019, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Sigurði Inga Halldórssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 8/2019:**

Knattspyrnufélag Reykjavíkur  
gegn  
Knattspyrnudeild Fylkis

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Kærandi:**

Knattspyrnufélag Reykjavíkur kt.  
Frostaskjóli 2  
101 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Jónas Kristinsson

**Kærði:**

Knattspyrnudeild Fylkis kt. 571083-0199  
Fylkisvegi 6  
110 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Hörður Guðjónsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 16. ágúst 2019. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 29. ágúst. Kærði svaraði með greinargerð þann 28. ágúst sl.

**II.**

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslit í leik Fylkis og KR/KV í Íslandsmóti 2. flokks karla sem fram fór 13. ágúst verði ógilt og liðunum gert að spila að nýju á heimavelli KR/KV. Kærði krefst þess að mál þetta verði fellt niður og að úrslit leiksins standi.

### III.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo:

Þriðjudaginn 13. ágúst mættust Fylkir og KR/KV í Íslandsmóti 2. flokks karla. Fór leikurinn fram á Fylkisvelli og á ábyrgð Fylkis. Leikurinn hófst ekki á réttum tíma þar sem aðstoðardómarar voru ekki mættir til leiks.

Klukkan 18:10 sáu forsvarsmenn KR/KV að einhver á vegum Fylkis fór upp í áhorfendastúku í leit að aðstoðardómurum. Mátti sjá rekistefnu í stúkunni sem leiddi til þess að tveir áhorfenda gengu úr stúkunni og tóku sér flagg aðstoðardómara í hönd.

Sigurður Helgason, þjálfari KR gekk þá til dómara og spurði hann hvort honum væri kunnugt um það hvort þessir drengir hefðu tilskilin réttindi eða hvort hann hefði kannað með það. Dómarinn upplýsti Sigurð um að það hefði hann ekki gert. Vildi Sigurður þá gera athugasemdir við þessa framkvæmd leiksins og að það yrði skráð í skýrslu leiksins. Dómari leiksins sagðist myndi gera það og hófst svo leikurinn.

Í hálfleik voru skyndilega komnir nýir aðstoðardómarar til leiks. Var gengið á dómara og hann spurður hvort þetta væri með hans vitund og samþykki. Svaraði hann því engu og flautaði til leiks. Þeir dómarar sem dæmdu síðari hálfleikinn voru á svipuðum aldri og þeir sem dæmdu þann fyrri. Mynd af einum þeirra fjögurra aðstoðardómara sem dæmdu leikinn fylgir með kæru þessari.

Í reglugerð KSÍ um dómara segir að dómurum skuli skipt í þrjá flokka eftir kunnáttu og reynslu. Til þess að starfa sem aðstoðardómari í 2. aldursflokki þar að lágmarki réttindi sem unglíngadómari. sbr. ákvæði gr. 2.2. reglugerðar KSÍ um dómara og eftirlitsmenn.

Rétt er að benda á skýrslu leiksins en þar eru aðstoðardómarar leiksins ekki tilgreindir og því ómögulegt að kanna með réttindi aðstoðardómara.

Er því haldið fram að aðstoðardómarar leiksins hafi ekki verið mættir til leiks á réttum tíma né heldur hafi þeir haft réttindi sem slíkir. Ber Fylkir ábyrgð á því að leikurinn hafi ekki farið fram eftir lögum og reglum KSÍ. KR/KV hélt uppi andmælum við dómara leiksins eins og áskilnaður er um. Er þess því krafist að úrslit leiksins verði ógilt og liðunum gert að spila leikinn að nýju á heimavelli KR.

Í greinargerð kærða kemur fram:

Aðstoðardómarar sem skráðir voru á leikinn í upphafi afboðuðu sig báðir með skömmum fyrirvara. Fylkir bar ábyrgð á mönnum aðstoðardómara í leiknum. Ungir

og efnilegir aðstoðardómarar með tilskilin réttindi hlupu í skarðið og dæmdu leikinn með aðaldómara leiksins. Eftir leik hefur einhver misskilningur átt sér stað milli dómara og aðstoðardómara því þeim láðist að skrá kennitölur aðstoðardómara á leikskýrslu.

KR heldur tvennu fram: að aðstoðardómarar hafi ekki verið mættir á réttum tíma né heldur hafi þeir haft réttindi sem slíkir. Leikurinn hófst innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast og aðstoðardómararnir höfðu tilskilin réttindi.

Vert er að benda á svívirðilega hegðun sem leikmenn KR sýndu á meðan leik stóð þar sem níðst var á einum aðstoðardómaranum fyrir útlit sitt. Dómarinn varð ekki var við það og aðstoðardómarinn, sem er ungur og efnilegur, hefði ekki kjark til að svara fyrir sig eða benda dómaranum á að beita þeim agarefsingum sem þurft hefði að beita. Hann var niðurbrotinn í hálfleik sem varð til þess að nýr aðstoðardómari var fenginn í hans stað. Umræddur aðstoðardómari (og sá sem er á myndinni fylgi kærinni) heitir Stefán Karl Stefánsson og er kennitala hans 300803-2290. Hinn aðstoðardómarinn sem skráður var á leikinn heitir Árni Kjartan Bjarnason og er kennitalan 221204-2550. Forsvarsmenn Fylkis gera alvarlega athugasemd við það að forsvarsmenn KR séu að taka mynd af umræddum dómara í miðjum leik og gefa í skyn að hann sé ekki með réttindi eða getu til að dæma umræddan leik út frá viðkomandi mynd.

Fylkir hafnar öllum málatilbúnaði og kröfum KR/KV og bendir einnig á að skv. reglum KSÍ, grein 19.5. skuli leik frestað hefjist hann ekki innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að fresta leik sem þegar hefur farið fram og því eðlilegt í ljósi þess og ofangreindra svara að úrslit leiksins eigi að standa.

Einnig hefur komið fram að aðstoðardómararnir höfðu tilskilin réttindi skv. ákvæði gr. 2.2. reglugerðar KSÍ um dómara og eftirlitsmenn.

Knattspyrnudeild Fylkis telur umrædda kæru ekki við rök að styðjast og að úrslit í umræddum leik eigi að standa.

Við frekari eftirgrennslan aga- og úrskurðanefndar KSÍ hefur verið upplýst að eftirfarandi aðilar störfuðu við leikinn sem aðstoðardómarar þó að þeirra væri ekki getið á leikskýrslu dómara leiksins eins og rétt hefði verið að gera. Allir eru þessir aðilar með réttindi sem unglingsdómarar á vegum KSÍ.

Stefán Karl – 300803-2290 (fyrri hálfleikur)  
Árni Bjarnason 221204-2550 (seinni hálfleikur)  
Gunnar Bjarki – 260603-2990 (fyrri hálfleikur)  
Aron Snær - 220404-2260 (seinni hálfleikur)

#### IV.

##### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að leikur hafi ekki hafist á tilskildum tíma og að aðstoðardómarar hafi ekki haft tilskilin réttindi.

Hvað varðar að leikurinn hafi ekki hafist á réttum tíma þá kemur dómari leiksins frá Knattspyrnusambandi Íslands, hann þekkir til greinar 19.5 og hefði átt að fresta leiknum ef hann hófst ekki innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast. Ljóst er að dómariinn frestaði ekki leiknum sem bendir þá eindregið til þess að leikur hafi hafist innan 30 mínútna og því er öllum kröfum vegna þessa hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvort að aðstoðardómarar leiksins hafi haft tilskilin réttindi. Það verður að teljast verulega ámælisvert að dómari leiksins skuli ekki fylla út leikskýrslu leiksins með fullnægjandi hætti og tilgreina þá aðstoðardómara sem voru á leiknum. Jafnframt verður að átelja að dómari leiksins hafi heimilað að skipt væri um aðstoðardómara í hálfleik. Slík handvömm dómara getur þó ekki orðið til þess að úrslit leiksins breytist og/eða að leikurinn skuli spilaður að nýju.

Fram hefur komið fyrir dómnum hverjir aðstoðardómararnir voru og eru þeir með tilskilin leyfi sem aðstoðardómarar á umræddum leik.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kærða, Fylkis, í máli þessu og skulu úrslit leiksins standa.

#### V.

##### **Úrskurðarorð:**

Úrslit í leik Knattspyrnufélags Reykjavíkur gegn Fylki í leik liðanna sem fram fór 13. ágúst 2019 í Íslandsmóti 2. flokks karla, skulu standa.

##### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður Guðmundsson [sign]

Sigurður Ingi Halldórsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]